



Málsmeðferð gagnvart starfsmanni vegna gruns um brot gagnvart barni

Starfsfólk stofnana Kópavogsbæjar skal rækja starf sitt af fagmennsku, alúð og samviskusemi og gæta kurteisi, nærgætni og lipurðar í framkomu sinni gagnvart börnum, foreldrum þeirra og samstarfsfólki. Jafnframt skal starfsfólk gæta fyllstu þagmælsku um hagi barna og foreldra þeirra sem það fær vitneskju um í starfi sínu. Verði brestur á þessu ber stjórnendum að bregðast við með viðeigandi hætti. Slík mál geta verið ólík og stundum getur verið erfitt að greina hvort starfsmaður hafi brotið af sér. Ásakanir eða grun verður að rannsaka þegar í stað og ganga úr skugga um hvort um brot sé að ræða. Stjórnendur skulu gæta fyllsta hlutleysis við rannsókn máls.

Tilkynning um brot

Tilkynning um brot þarf að berast stjórnanda stofnunar. Tilkynning skal vera skrifleg og ef brotið er tilkynnt munnlega skal stjórnandi skrá niður tilkynninguna og tilkynnandi skrifar undir. Stjórnandi kannar málið strax samkvæmt [Verklagsreglur Menntasviðs Kópavogs um viðbrögð við ofbeldi](#) og leitar strax ráðgjafar hjá barnavernd.

Stjórnsýslulög

Stjórnandi skal gæta þess við alla vinnslu málsins að fylgja stjórnsýslulögum í hvívetna, (rannsóknarregla, jafnræðisregla, meðalhófsregla, andmælaréttur og upplýsingaréttur). Sjá nánar [leiðbeiningar um uppsagnir og áminningar](#) frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Aðstoð

Stjórnandi skal leita aðstoðar starfsmannadeildar og menntasviðs við vinnslu máls.

Vinnsla máls

1. Formleg ávirðing berst / grunur vaknar

- a. Ef upp kemur grunur um að starfsmaður brjóti starfsskyldur sínar og/eða sýni af sér háttsemi sem er ámælisverð í starfi og getur fallið undir ákvæði viðkomandi kjarasamnings um áminningu eða jafnvel fyrirvaralausar uppsögn skal stjórnandi gæta þess að farið sé eftir verkferlum *Gæðakerfis Kópavogsbæjar* og fylgja [leiðbeiningum um uppsagnir og áminningar](#).
- b. Við þær aðstæður þegar frávikning úr starfi er til skoðunar getur verið heimilt að afþakka vinnuframlag starfsmanns á meðan málið er í rannsókn en hann heldur launum sínum á meðan. Stjórnandi skal athuga þann möguleika ef slíkt kemur upp.

2. Rannsókn

- a. Stjórnandi rannsakar málið strax og ræðir við brotþola, starfsmenn og aðra þá sem að málinu koma, t.d. vitni. Hann skráir samtöl við alla aðila niður. Ef þörf er að ræða við nemendur skal upplýsa foreldra um málið og eiga samvinnu við þá um aðkomu barns að málinu.
- b. Gæta skal þess að boða starfsmann með réttum hætti. Hann hefur rétt á að hafa trúnaðarmann eða fulltrúa stéttarfélags síns með sér á fundinn, sjá ofangreindar leiðbeiningar Sambands Íslenskra sveitarfélaga.
- c. Stjórnandi metur hvers eðlis málið er og kynnir málsaðilum niðurstöðu sína.

3. Lok máls

- a. Rannsókn málsins leiðir í ljós að háttsemin eða brotið telst þess eðlis að nægjanlegt sé að leiðbeina starfsmanninum og eða veita honum tiltal. Stjórnandi skal gæta þess að skrifa fundargerð og að hún sé undirrituð.
- b. Rannsókn máls leiðir í ljós að háttsemin og eða brotið sé þess eðlis að beita skuli skriflegri áminningu.
- c. Rannsókn máls leiðir í ljós að tilvik fellur undir skilyrði viðkomandi kjarasamnings um fyrirvaralausar brottvísun.
- d. Rannsókn máls leiðir til þess að ekki er þörf á að aðhafast frekar.

4. Skýrsla

- Stjórnandi skrifar skýrslu um vinnslu málsins, niðurstöðu og viðbrögð.